

# Fundargerð

**Priðjudagurinn 7. nóvember 2023**

**Fundur byggðapróunarfulltrúa og ferðamálafulltrúa með oddvitum í Uppsveitum Árnassýslu. Mættir voru –**

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes -og Grafningshrepps

Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi í Uppsveitum Árnassýslu

Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeið-og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason oddviti Hrunamannahrepps

Lína Björg Tryggvadóttir byggðapróunarfulltrúi í Uppsveitum Árnassýslu

Byggðapróunarfulltrúi kynnti áherslur starfsins eins og hann sér það fyrir sér. Fór yfir þá reynslu sem hann hefur að byggðamálum og hvað hann telur að skipti mestu máli í starfinu. Áherslan síðustu tvo mánuði í starfi hafa verið samráð við íbúa og hagaðila og hefur byggðapróunarfulltrúi veitt ráðgjöf til 15 aðila á þessu tímabili. Fólk hefur óskað eftir ýmiskonar ráðgjöf í formi aðstoðar við umsóknir í sjóði, aðstoð vegna endurfjármögnunar eða til að reifa hugmyndir og leiðir til að ná þeim fram.

Farið var yfir þau verkefni sem eru sett í Atvinnumálastefnu Uppsveita Árnassýslu og benti byggðapróunarfulltrúi á þau verkefni sem hann á að vinna að í samvinnu við sveitarstjórnir og einnig þau verkefni sem eingöngu eru á borði sveitarstjórnar.

Eins og er hefur byggðapróunarfulltrúi lagt mesta vinnu í verkefnið „Orkuþörf – áætlun um framtíðarþörf“ og hefur sú vinna verið í formi gangnaöflunar. Hins vegar er þörf á að skoða það verkefni enn frekar með það í huga hve djúpt á að afla gagna um tiltæka orku á svæðinu. Einnig er hafin vinna í samvinnu við ferðamálafulltrúa verkefni matvælastuðningur (kortlagning), kynningaráætlun og nýsköpunarstuðningur sem einnig er unnin í samvinnu við SASS.

Þar sem nú er fjárhagsáætlun í gangi hjá sveitarfélögunum benti byggðapróunarfulltrúi á að það væri þörf á að áætla kostnað fyrir næsta ár í verkefnavinnu vegna starfsins. Eru það verkefni eins og innleiðing Atvinnumálastefnunnar og annarra þátta eins og ráðstefnu-og ferðakostnaðar.

Samþykkt var að byggðapróunarfulltrúi ásamt ferðamálafulltrúa tæku samtalið við sveitarstjóra Bláskógabyggðar um þetta atriði og settu niður áætlaðan kostnað sem hægt er að taka til greina í fjárhagsáætlunargerð.

Rætt var um viðveru byggðapróunarfulltrúa í sveitarfélögunum fjórum. Allir voru sammála um það að mikilvægt væri að byggðapróunarfulltrúi myndi koma allavegana einu sinni í mánuði á hvern stað til að ná fram samtali við sveitarstjóra, oddvita og starfsmenn á skrifstofunum. Einnig benti byggðapróunarfulltrúi á að gott væri fyrir hann að fá að hitta

atvinnumálanefndir og menningarmálanefndir á hverjum stað og mun byggðapróunarfulltrúi taka þessi mál áfram í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Í lokin var farið yfir nauðsýn svona samtals og því var ákveðið að halda samskonar fundi oddvita og byggðapróunarfulltrúa ársfjórðungslega til að viðhalda samtalinu.

Fleira ekki gert

Lína Björg Tryggvadóttir

Byggðapróunarfulltrúi Uppsveita Árnessýslu